



Reykjavík, 27. maí 2022  
Fundargerð 241. stjórnarfundar SHS

*Tilvísun: 2201004*

Föstudaginn 27. maí var haldinn 241. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir og Gunnar Einarsson, sem var í gegnum fjarfundarbúnað.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## ***Málefni SHS***

### **1. 3ja mánaða uppgjör**

Slökkviliðsstjóri fór yfir 3ja mánaða uppgjör SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS janúar – mars 2022, dags. 20. maí 2022.

*Afgreiðsla:* Þriggja mánaða uppgjórið samþykkt og undirritað rafrænt.

### **2. Úttekt HMS á SHS 2021**

Úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á starfsemi SHS 2021 var kynnt á 240. stjórnarfundum SHS og slökkviliðsstjóra falið að vinna fyrir stjórn áætlun um úrbætur með hliðsjón af athugasemdum HMS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS – Úttekt HMS á SHS 2021- tillögur að úrbótum, dags. 20. maí 2022.

*Afgreiðsla:* Tillögur um úrbætur samþykktar. Fráfarandi stjórn SHS beinir því til nýrrar stjórnar að ákvarðanir um staðsetningu og uppbyggingu nýrrar starfsstöðvar, sem bætir m.a. viðbragðstíma í efri byggðir Kópavogs, verði teknar sem fyrst. Nauðsynlegt er að bæta viðbragðstímann, eins og fram kemur í úttekt HMS, það stýttist í framkvæmdir við Arnarnesveg og undirbúningur um nýja björgunarmiðstöð komnar vel af stað.

### 3. Búseta í atvinnuhúsnæði

Innviðaráðherra hefur skipað tvo starfshópa um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu til að fylgja eftir þeim tillögum að úrbótum skv. skýrslu HMS sem ekki eru nú þegar í vinnslu eða komnar til framkvæmda.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá innviðaráðherra - Skipunarbréf Bjarna Kjartanssonar í starfshóp, dags. 22. apríl 2022.
- Bréf frá innviðaráðherra - Skipunarbréf Jóns Viðars Matthíassonar í starfshóp, dags. 22. apríl 2022.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 4. Verkefni í COVID-19

Frestað mál. Lagt fram minnisblað að beiðni stjórnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS - Tillaga um greiðslur til starfsfólks SHS vegna COVID-19, dags. 20. maí 2022.

*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra falið að greina hvaða greiðslur má áætla að séu vangreiddar eftir COVID-19 verkefni SHS og slökkviliðsstjóra falið að gera þær upp við starfsfólk SHS.

### 5. Almannaþingarnir

Farið yfir stöðuna í málefnum sem snerta almannaþingarnir.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 6. Önnur mál SHS

Fráfarandi stjórn SHS vill þakka starfsfólki og stjórnendum SHS og AHS fyrir framúrskarandi störf undanfarin ár og þá ekki síst í gegnum COVID tímabilið og hvernig tekist var á við þau auknu og erfiðu verkefni sem upp komu í faraldrinum.

Fundi slitið klukkan 10:00.

**Næsti fundur er áætlaður 24. júní 2022**

f.h. Reykjavíkurborgar,  
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,  
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,  
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Mosfellsbæjar,  
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,  
Ásgerður Halldórsdóttir

f.h. Garðabæjar  
Gunnar Einarsson

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Árs Slutareikningur SHS janúar – mars 2022, dags. 20. maí 2022.
- Minnisblað SHS – Úttekt HMS á SHS 2021- tillögur að úrbótum, dags. 20. maí 2022.
- Bréf frá innviðaráðherra - Skipunarbréf Bjarna Kjartanssonar í starfshóp, dags. 22. apríl 2022.
- Bréf frá innviðaráðherra - Skipunarbréf Jóns Viðars Matthíassonar í starfshóp, dags. 22. apríl 2022.
- Minnisblað SHS - Tillaga um greiðslur til starfsfólks SHS vegna COVID-19, dags. 20. maí 2022.